



# Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

## Starfsárið 2015 - 2016

<b>Fundur:</b> 4. fundur stjórnar	<b>Staður:</b> Kennarastofa Hvaleyrarskóla	<b>Dags:</b> 2. feb	<b>tími:</b> 18-19
<b>Mættir:</b> Ásbjörg, Guðrún Erla, Helga Guðlaug, Helga Veronica, Íris, Petrína og Sveindís <b>Forföll:</b> Friðrik			

### Dagskrá samkvæmt fundarboði:

1. Niðurstaða skólaráðsfundar
2. Niðurstaða fundar með eineltisteyminu
3. Bekkjarfulltrúar hvernig gengur í ykkar bekkjum
4. Fundargerðir á heimasíðu, Jólafondur, foreldrarölt, skáld í skóla.
5. Önnur mál

### 1. Niðurstaða skólaráðsfundar

- Helga Veronica og Sveindís mættu. Aðallega umræða um fjárhagsáætlun og fækkun stöðugilda. Sveindís er með punkta frá fundinum. Rúðubrotið var tekið upp á fundinum og rætt.

### 2. Fundur með eineltisteyminu

- Helga Veronica segir frá. Hún mætti ein frá foreldrafélaginu. Fundurinn var 16. desember þar sem þá átti að vera búið að gera Olweusarkönnun. Það var ekki búið að ljúka þeirri vinnu en fundur verður aftur haldinn þegar það verður búið. Foreldrafélagið óskaði eftir að vera aftur á þeim fundi og fá að vita niðurstöður. Verður líklega í febrúar.

### 3. Helstu fundir skólaársins

Ekki kominn tími né búið að senda póst

- Eineltisteymi einn fundur búinn annar boðaður í feb eða mars. Biðjum um að vera þar líka.
- Verið. Viljum fá betri upplýsingar um viðburðaplan. Vantar betri upplýsingar um t.d. ballið sem verður á morgun.
- Forvarnarfulltrúi, viljum fá fund með öllum foreldrum.
- Aðrir fundir?

### 4. Fundargerðir á heimasíðu, Jólafondur, foreldrarölt, skáld í skóla.

- Setja fundargerðir inn á heimasíðu skólans viku eftir fund ekki seinna?  
- Jólafondur hvernig gekk það?? Eitthvað sem við viljum lagfæra eða breyta? Vel mætt. Var frá 11.00-13.00. Skiluðum miklu, e.t.v. ekki nógu vel auglýst hjá okkur. Þarf að skipuleggja betur hjá stjórninni, mæta fyrir og t.d. hafa einn aðila á límbyssunni, einn að selja pakkningar og setja upp, hella málningu og slíkt. Þarf að vera amk fjórir úr stjórn á hverri vakt.

- Foreldrarölt er það virkt og hvernig gengur það? Enginn hefur staðfest að hafa fengið póstinn þegar hann er sendur á bekkjarfulltrúa. Tillaga um að senda póst á bekkina en ekki á bekkjarfulltrúana. Þarf að skoða þetta fyrir næsta ár, skiptingin hjá okkur er nokkuð ruglingsleg, betra að skipta um áramót heldur en að skipta eftir stigum skólaárs. Ættum að nota foreldrafélagsnetfangið en ekki persónuleg netföng stjórnarmeðlima.

- Skáld í skóla Hver kom

Búið að greiða einn reikning, Gunnar Helgason. Upplestur á Mömmu Klikk.

### 6. Önnur mál



## Foreldrafélag Hvaleyrarskóla

### Starfsárið 2015 - 2016

Unglingadeild, eingöngu börnin fá sms ef fellur niður tími í fyrsta tíma. Foreldrar fá ekki skilaboð. Einnig skortir á að foreldrar fái að vita þegar forfallakennsla kemur upp.

Fundartími ákveðinn, mánudagar kl 18.

**Fundi slitið kl. 19.00**